



14. AÐALFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF.

Borgarnesi, 11. mars 2011 kl. 13:30.

Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Jón Pálma Pálsson sem fundarstjóra, og Hrefnu B. Jónsdóttir fundarritara.

Dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Í upphafi kannaði fundarstjóri lögmæti fundarins og var hann lögmætur.

Fundarstjóri bar upp tillögu frá stjórn um uppstillingarnefnd. Tilnefndir voru:

Þorvaldur Vestmann, Kristinn Jónasson og Finnbogi Leifsson.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður flutti skýrslu stjórnar. Hann sagði m.a. að 4 stjórnarfundir hefðu verið haldnir á árinu. Starfsemi urðunarstaðarins hefði gengið vel og án allra áfalla. Stöðug vinna væri í því að hefta fok úr sorphaugum og halda urðunarstaðnum eins snyrtilegum og unnt væri. Alls voru urðuð 8.369 tonn af úrgangi í Fíflholtum, sem er 8,6% samdráttur frá árinu 2009 og 35% minnkun frá árinu 2006, en þá náði urðað sorpmagn hámarki. Eins og undanfarin ár var gróðursett nokkuð af trjáplöntum í Fíflholtum og hlúð að eldri gróðursetningum. Framkvæmdir við urðunarrein 4 halda áfram og er verkið langt komið. Áætlað er að reinin muni endast í 10 ár. Samstarfsnefnd sorpsamlaganna á SV-horni landsins hefur haldið áfram að starfa saman og eru mörg verkefni þar í vinnslu. Hann gerði sérstaklega að umtalsefni mismunandi sorphirðukerfi sveitarfélaganna og mismunandi sorphirðukerfi verktakanna. Allt myndaði þetta hrærigraut en mikilvægt væri að samræma þessar aðferðir því núverandi ástand gerði ekkert annað en að rugla almenning í ríminu. Svæðisáætlun var samþykkt árið 2009, sveitarstjórnarkosningar haldnar vorið 2010. Nýir sveitarstjórnarmenn koma inn og ákveða lausnir sem eru á skjön við nýsamþykkt svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir árin 2009 – 2020.

Stjórn SV hefur samþykkt að gera samning við Vesturbyggð, Tálknafjarðarhrepp og Ísafjarðarbæ um að taka á móti úrgangi til urðunar. Óskir frá fyrrnefndum sveitarfélögum komu í kjölfar erfiðleika vegna rekstrar brennslustöðvarinnar Funa. Eftir vel ígrundaða athugun samþykkti stjórn að taka á móti sorpi en áætlað magn sem mun berast Fíflholtum er talið vera undir 2000 tonnum. Samningar verða gerðir við sveitarfélögin til tveggja ára. Fram til þessa hefur verið haldið stíft við þá stefnu að taka einungis við sorpi frá Vesturlandi en með umræddri ákvörðun hefur nú verið gerð stefnubreyting, sem eins og áður sagði, var gerð að vel athuguðu máli.

Í tengslum við umfjöllun stjórnar um framangreindar beiðni frá Vestfirðingumvar ákveðið að fara í stefnumótun fyrir SV og var formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna frumdrög að stefnu fyrirtækisins. Þau drög voru lögð fram á stjórnarfundi seint í janúar 2011. Hann sagði að í því kæmi m.a. fram að áherslu bæri að leggja á að starfsemi á urðunarstaðnum bæri tvo starfsmenn m.t.t. öryggissjónarmiða og umhverfissjónarmiða en leitast yrði við að halda uppi góðri ímynd starfseminnar. Guðbrandur fór ítarlega yfir stefnumótunarvinnuna.

Að lokum sagðist Guðbrandur hafa verið í stjórn í 12 ár og þar af 8 sem stjórnarformaður. Hann gefur ekki kost á sér til endurkjörs í stjórn SV og hyggst nú draga sig í hlé á þessum vettvangi. Hann þakkaði samstarfsfólki í stjórn og sveitarfélögum mjög gott samstarf og farsæl kynni. Hann sagði stjórnina hafa verið farsæla og sagðist þakklátur því góða samstarfi sem þar hefði rík. Síðast færði hann framkvæmdastjóra alúðarþakkir fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf öll þessi ár. Að lokum óskaði hann Sorpurðun Vesturlands hf velfarnar á komandi tímum.

Hrefna Bryndís gerði grein fyrir starfi nefndar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum sem hún á sæti í og starfar undir hatti Sambands íslenskra sveitarfélaga. Gerð var grein fyrir þeim breytingum sem hafa orðið á lagaumhverfi im meðhöndlun úrgangs. Reglugerð nr. 881/2010 um meðferð beitar og nýtingu á slátur og dýraeifum, hefur valdið miklu fjaðrafoki. Samkvæmt fyrri útgáfu mátti ekki nýta land til beitar í 21 dag eftir að borin hafði verið á það molta en hugmyndir eru uppi um að nýta moltuna til landgræðslu og hafa lausnir sveitarfélaga verið byggðar upp miðað við þær forsendur. Nýja útgáfan segir að ekki megi nýta land til beitar í 10 ár eftir að molta hefur verið borðin á landið. Þessi nýja reglugerð kom öllum í opna skjöldu. Talsverð vinna hefur farið í að skoða þetta mál og afleiðingar sem af því verða því eins og staðan er hljóta menn að spyrja sig, til hvers að jarðgera ef ekki má nota afurðina? Fyrirsjáanlega mun umrædd reglugerðarbreyting hafa verulega neikvæð áhrif á endurvinnslustöðvar sem þegar eru starfandi og mota m.a. sláturleifar í vinnsluferlum sínum. Sömuleiðis má gera ráð fyrir að hún leiði til frestunar á endurvinnsluáformum fyrir lífrænan úrgang eins og þau eru fyrirhuguð í svæðisáætlunum sveitarfélaga.

Hrefna kom einnig að umsögn um frumvarp til laga um úrvinnslugjald og frumvarps til laga um meðhöndlun úrgangs. Umsagnir má sjá á vef sambandsins <http://www.samband.is/um-okkur/umsagnir/> og og fundargerðir nefndarinnar á <http://www.samband.is/verkefnin/umhverfis-og-taeknimal/urgangsmal/verkefnisstjorn-a-svidi-urgangsmala/fundargerdir-verkefnisstjornar/> .

2. Ársreikningar félagsins.

Hrefna B Jónsdóttir framkvæmdastjóri skýrði ársreikninga félagsins.

Niðurstaða rekstrarreiknings er rekstrarafgangur kr. 7.809.342, Heildartekjur ársins 2010 voru 48,8 millj. kr. Rekstrargjöld 38,5 millj. kr. þar af afskriftir 8.3 millj. kr. Fjármagnsgjöld voru 402 þús. Rekstrarafgangur 7,8 millj. kr.

Heildareignir eru tæpar 97 millj. kr. Eigið fé 58,,3 millj. kr.

Framkvæmdastjóri fór gerði grein fyrir skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins vegna ársins 2010 sem er aðgengileg á heimasíðu SSV/Sorpurðunar og Umhverfisstofnunar. http://ssv.is/Files/Skra_0046804.pdf

Fundarstjóri bar upp reikningana og skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins og var hvort tveggja samþykkt samhljóða.

3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Gerð er tillaga um að laun stjórnarmanna í Sorpurðun Vesturlands hf. taki mið af launum stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Greiðslur fyrir fund miðast við þingfararkaup. Formaður 6% kr. 31.200 aðrir 3% kr. 15.600. Greiðslur fyrir ferðakostnað samkvæmt reglum RSK.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Fundarstjóri bar upp tillögu um 10% arðgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu þess efnis að hagnaður ársins 2010 verði færður til hækkunar eigin fjár. Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar

Kristinn Jónasson flutti tillögu uppstillingarnefndar:

Bergur Þorgeirsson. Gyða Steinsdóttir

Friðrik Aspelund Kristinn Jónasson

Magnús Freyr Ólafsson Sveinn Pálsson

Þróstur Ólafsson

Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt samhljóða.

6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.

Lögð var fram tillaga um að KPMG endurskoðun sjái áfram um endurskoðun félagsins. Skoðunarmaður félagsins Davíð Pétursson.

Samþykkt samhljóða.

7. Lagabreytingar.

Engar.

8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Kristinn Jónasson þakkaði Guðbrandi Brynjúlfssyni fyrir farsæla stjórn sem formaður, Sigríði Gróu fyrir ánægjulegt samstarf en hún hefur verið í stjórn félagsins frá upphafi. Hann þakkaði einnig öðrum fundarmönnum gott samstarf.

Hrefna B. bað um orðið og þakkaði fráfarandi formanni afar gott samstarf í gegnum árin og hlý orð í sinn garð. Sigríði Gróu færði hún blómvönd en hún er sú eina sem nú lætur af störfum í stjórn sem hefur verið í stjórn frá upphafi. Sigríður var í stjórn SSV þegar undirbúningsvinna við að finna urðunarstað fór af stað og hefur því reynslumikla sýn á starfið.

Sigríður Gróa sagðist kveðja stjórn SV með söknuði og þakkaði samstarfið í gegnum árin.

Guðbrandur þakkaði hlý orð í sinn garð og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar í sínum störfum.

Finnbogi Leifsson þakkaði fráfarandi stjórn vel unnin störf. Hann sagðist hafa verið í fyrstu stjórn SV. Hann sagðist hafa lítillegar áhyggjur af móttöku sorps frá Vestfjörðum en við yrðum að hugsa um okkar eigin hagsmuni nr. eitt.

Fundarstjóri sleit fundi.

Fundarritari, Hrefna B. Jónsdóttir